

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska sem annað mál

Speglar vatnanna

Um sjálfsþýðingar Baldurs Ragnarssonar, skálds

Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli

Nicola Ruggiero

Kt.: 220186-4319

Leiðbeinandi: Kristján Eiríksson

Júní 2016

Ágrip

Sjálfsþýðingin er þýðing á eigin skrifum manns. Í þessari ritgerð er stefnt að því að: (a) takast á við vandamál og seinna lausnir sem sjálfsþýðing hefur miðað við texta á einu tungumáli, (b) athuga eiginleika höfunda og ákvörðun þeirra um að nota esperantó sem bókmenntamál, (c) greina nokkur ljóð sem Baldur Ragnarsson hefur ort og seinna þýtt með því að kanna í hvert skipti hvort útgáfunar tvær eru myndir sem fullkomlega endurspeglar hvor aðra eða hvort þær eru brenglaðar myndir sem höfundurinn hefur skrifað eða hugsað upp á nýtt, og finna ástæðu fyrir því.

Til *Baldurs Ragnarssonar*
og *Þóreyjar Kolbeins*

Efnisyfirlit

1 Inngangur	4
2 Sjálfsþýðingin	6
3 Esperantó og Baldur Ragnarsson	9
3.1 Esperantó	9
3.1.1 Esperantó-hreyfing á Íslandi	10
3.1.2 Esperantó sem bókmenntamál	10
3.2 Baldur Ragnarsson: esperantisti og skáld	11
4 Tvisjónarlestur	15
4.1 Aðferð	15
4.2 Úr bókunum <i>Undir veggjum veðra</i> og <i>Stupoj sen nomo</i>	15
4.2.1 Líf / XVIII	15
4.2.2 Við höfum gleymt / XIX	17
4.3 Úr bókunum <i>Töf</i> og <i>Esploroj</i>	19
4.3.1 Vötn / Akvoj	19
4.3.2 Nýtt líf / Nova vivo	21
4.3.3 Vitringarnir / La magoj	23
4.3.4 Merkisberarnir / La standardistoj	25
5 Eftirmáli	28
Heimildaskrá	29

1 | Inngangur

Bókmenntasaga í hinum vestræna heimi sýnir mörg dæmi um höfunda sem höfðu góð tók a.m.k. á tveimur tungumálum. Á hvoru tveggja tungumála sköpuðu þeir bókmenntatexta. Til dæmis skrifaði Dante Alighieri *Gleðileikinn guðdómlega* á Ítalíu á toskana-flórensmállýsku og einnig ljóð og fræðirit á latínu. Á Hollandi hefur Erasmus frá Rotterdam einungis tjáð sig á latínu, en hinn pólski Joseph Conrad valdi frönsku og seinna ensku. Ásamt þessum virðulegu dæmum er hægt að finna aðra höfunda sem hafa þýtt frumtexta sína á önnur tungumál. Þeir hafa gert sjálfsþýðingu. Þar af eru Etienne Dolet, Thomas More, Stéphane Mallarmé, James Joyce, Samuel Beckett, Vladimir Nabokov og miklu fleiri. Þýskir fylgismenn rómantísku stefnunnar gagnrýndu sjálfsþýðingar. Schleiermacher hélt því til dæmis fram að einungis væri hægt að hugsa og þá einnig skrifa á sínu eigin móðurmáli¹. Fyrst í stað gerðu strúktúralísku kenningarnar ekki ráð fyrir sjálfsþýðingum þó að talsvert væri um þær og sumar mikilvægar á þessum árum. Árið 1913 vann Tagore Nóbelsverðlaunin í bókmenntum eftir að hann sendi frá sér þýðingu verka sinna úr bengölsku á ensku.

Hægt er að fullyrða að sjálfsþýðingar hafi opnað nýja leið til að rannsaka tvítyngda höfunda og texta þeirra á a.m.k. tveimur tungumálum. Þeir geta nýtt sér eiginleika orða sem varða merkingu og stíl á báðum tungumálum á annan hátt en þýðandi sem ekki á sér frumtextann að móðurmáli. Segja má að þeir geti skapað tvö frumverk, þó að annað verkið sé þýðing hins. Þeir eru tvítyngdir og frumlegir höfundar sem geta í rauninni fremur en aðrir valið um að endurskapa verk sín í þýðingunni eða fylgja hefðbundnum þýðingaraðferðum úr erlendu máli. Í næstu köflunum er athugað hvernig sjálfsþýðandi hefur stundum annað hvort endurskapað verk sín á ný eða notað venjulegar þýðingaraðferðir sem krefjast samsvörunar á milli frum- og úrvinnslutexta. Áhrifaríkt

1. Hokenson og Munson, *The Bilingual Text - History and Theory of Literary Self-Translation*, 143.

tákn sem á við þýðingar og sjálfspýðingar er spegill að sögn Santoyo². Hann fullyrðir að sjálfspýðandi sé reyndar endurspeglun höfundarins. Þar með getur höfundurinn brenglað³ mynd spegilsins að vild.

Sumir þessara höfunda flúðu frá sínum eigin löndum eins og Samuel Beckett. Nokkrir urðu útlagar eins Vladimir Nabokov og aðrir kusu að snúa aftur til móðurmáls síns eins og keníski höfundurinn Ngûgî wa Thiong'o. Til var einnig hópur höfunda sem langaði að tilheyra alþjóðasamfélagi í þeim skilningi að eitt alþjóðlegt og hlutlaust tungumál hefði átt að vera notað í því. Þessir höfundar völdu esperantó. Meðal þeirra var Baldur Ragnarsson sem sendi frá sér ljóð bæði á íslensku og esperantó þar sem hann þýddi stundum verk sín. Nokkrar sjálfspýðingar Baldurs Ragnarssonar verða athugaðar í þessari ritgerð með því að bera saman tvær útgáfur textanna í gegnum tvísjónarlestur⁴, nákvæmlega eins og þær væru ein tónlist sem heyrist tvíóma, þ.e. úr tveimur áttum sem virðast verða ólíkar aðeins á yfirborðinu.

Í þessari ritgerð er stefnt að því að: (a) takast á við vandamál og seinna lausnir sem sjálfspýðing hefur borið saman við texta á einu tungumáli, (b) athuga eiginleika höfunda og ákvörðun þeirra um að nota esperantó sem tungumál í framleiðslu bókmenntatexta, (c) greina nokkur ljóð sem Baldur Ragnarsson hefur ort og seinna þýtt með því að kanna í hvert skipti hvort útgáfurnar tvær eru myndir sem fullkomlega endurspegla hvor aðra eða hvort þær eru brenglaðar myndir sem höfundurinn hefur skrifað eða hugsað upp á nýtt, og finna ástæðu fyrir því.

2. Santoyo, „On mirrors, dynamics and self-translations“, 28.

3. Í þessari ritgerð er notað yrðing „að brengla mynd“ en sú merking er þó alveg hlutlaus. Hún er nauðsynleg aðeins að tjá, eða að lýsa eigin breytingum höfundar þegar hann þýðir verk sitt. Í þessu orðalagi felst enginn dómur eða gagnrýni.

4. Stereoscope reading, á ensku.

2 | Sjálfsþýðingin

Samkvæmt *Routledge Encyclopaedia of Translation Studies*¹ er sjálfsþýðingin þýðingar á eigin skrifum manns eða niðurstöður slíks verkefnis.

Þó að bókmenntasagan sé full af sjálfsþýðendum hefur sjálfsþýðingin verið gagnrýnd á tíma þýskrar rómantíkur, sem stefndi að því í þágu menningarlegrar þjóðernishyggju, að láta eitt tungumál samsvara einni þjóð. Schleiermacher og Humboldt fullyrtu til dæmis að ómögulegt væri að framleiða bókmenntatexta á öðru tungumáli en móðurmáli.

Jafnvel Schopenhauer viðurkenndi að einungis sérvitur snillingur hefði getað gert slíkt².

En sjálfsþýðendur hafa þó alltaf verið til og einnig á hinu rómantíska skeiði. Franska varð smám saman tungumál menningar og tók víða við af latínu í milliríkjavíðskiptum.

Á tuttugustu öld hefur enska tekið við sem tjáning pólitísku, efnahagslegs og hernaðarlegs máttar og hefur einnig mikil áhrif á sviði menningar.

Segja má að alþjóðavæðing hafi með tíð og tíma eflt notkun ensku sem aðferð til að brjóta niður afdalahyggju. Samt sem áður hefur þveröfugt stundum gerst. Taka má keníska rithöfundinn Ngûgî wa Thiong'o hér sem dæmi. Hann skrifaði í upphafi verk sín á ensku eftir að hafa menntað sig í háskóla þar sem kennslan fór fram á ensku og námsbækurnar voru á ensku. Seinna hefur hann þó aðlagast róttækum menningarhóp sem varð til þess að hann fór aftur að skrifa á móðurmáli sínu, þ.e. Gikuyu³. Aðrir eins og Joseph Conrad, Pólverji að uppruna, hafa skipt oftast en einu sinni um tjáningartungumál: fyrst frönsku, seinna ensku. Sér á báti er Rabindranath Tagore sem varð frægur vegna sjálfsþýðinga sinna úr bengölsku á ensku. Margir spænskir, franskir, ítalskir o.fl. höfundar hafa tekið hann sér til fyrirmyndar.

Á Ítalíu er Giuseppe Ungaretti dæmi um sjálfsþýðanda. Hann þýddi sjálfan sig á

1. Baker, „Self translation“, 257.

2. Hokenson og Munson, *The Bilingual Text - History and Theory of Literary Self-Translation*, 155.

3. Bassnett, „The self-translator as rewriter“, 18.

frönsku. Annað dæmi er Pirandello sem þýddi verk sín frá sikileysku á ítölsku. Í Frakklandi var Írinn Samuel Beckett höfundur ljóða og stórkostlegra leikrita á ensku og frönsku. Frægir eru einnig Kundera og Nabokov. Báðir voru í útleð og annar tjáði sig á ensku en hinn á frönsku. Á Íslandi eru að minnsta kosti tvö athyglisverð dæmi. Gunnar Gunnarsson skrifaði verk sín á dönsku og þýddi þau síðar á íslensku. Hann var tilnefndur til Nóbelsverðlauna að minnsta kosti fjórum sinnum. Hitt dæmið er Baldur Ragnarsson. Hann valdi hins vegar esperantó á ungum aldri. Skáldskapur hans á þessu tilbúna tungumáli olli byltingu í esperantískri nútímaljóðlist.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að sjálfsþýðendur velja tiltekið tungumál til framleiðslu bókmenntatexta. Nabokov var mjög óánægður með þýðingar annarra á verkum sínum og nefndi þýðendurna „villta asna fáfræðinnar“⁴. Þess vegna ákvað hann að þýða texta sína úr rússnesku á ensku á meðan hann var í útleð. Luigi Pirandello var ítalskur höfundur sem hlaut Nóbelsverðlaun í bókmenntum. *Liola*⁵ er eitt af leikritum sem hann skrifaði fyrst á sikileysku og seinna á ítölsku í sjálfsþýðingu. Tilgangur þess var sá að ná fullum skilningi hjá almenningi og gagnrýnendum. Samuel Beckett skrifaði og þýddi sjálfan sig á frönsku og ensku. Hann valdi frönsku sem sköpunartungumál þar sem hann lifði í menningarheimi Parísar. Með frönsku hefur sjónarmið hans breyst og þar af leiðandi merkingu verka hans. Sem dæmi má taka fjórða ljóð í fjórða hluta *Quatre poemes*. Í síðustu línu stendur á frönsku: „pleurant celle qui crut m’aimer“. Þessi setning væri bókstaflega þýdd „á meðan ég græt konu sem trúði að hún elskaði mig“. En eftir sjálfsþýðingu verður „mourning the first and last to love me“ á ensku (ísl. syrgja þá fyrstu og síðustu sem elskaði mig)⁶. Hins vegar er sjálfsþýðendum það sameiginlegt að skapa nýtt samband á milli frumtextans og endursamningar á öðru tungumáli og þar af leiðandi menningu.

Râbacov leggur til skiptingu þýðenda í þrjá flokka *höfunda* í grein sinni „Self-translation as Mediation Between Cultures“⁷. Í fyrsta flokki leggur höfundurinn það fyrir annan aðila (þýðandann) að þýða verk sín á tungumáli sem hann kann ekki. Í öðrum flokki leggur höfundur þýðingu fyrir annan aðila þó að hann kunni að hluta

4. Hokenson og Munson, *The Bilingual Text - History and Theory of Literary Self-Translation*, 165.

5. Peppino De Filippo, ítalskt leikritaskáld, þýddi *Liola* árið 1935 á Napólímállýsku.

6. Hokenson og Munson, *The Bilingual Text - History and Theory of Literary Self-Translation*, 23.

7. Râbacov, „Self-translation as a mediation between cultures“.

markmálið og geti því athugað hvort vinnan er rétt gerð. Í þriðja flokki er sjálfsþýðandi: höfundurinn og þýðandi eru einn og sami maðurinn. Hann er ekki endilega fullkomlega tvítyngdur en hann kann vel að yrkja á öðru tungumáli. Hann er auk þess frjáls undan kvöðum þýðanda. Í rauninni getur hann breytt bæði stíl og málsniði. Hann getur því umritað sinn eigin texta með því að láta hann lifa eða tjá sig á öðru tungumáli og í nýrri menningu. Þetta er aðferð sem Tagore notaði þegar hann þýddi ljóð sín úr bengölsku á ensku. En það var einmitt ástæðan fyrir því að margir lesendur, fyrst og fremst í Bretlandi og svo á meginlandi Evrópu höfðu mætur á honum. Þeir kunnu mjög vel að meta línur sem Tagore þýddi sem ljóð í viktoríönskum stíl og í anda Walt Whitman í háleitu andrúmslofti sem Evrópulesendur bjuggust við frá indverskum höfundum:

I ask for a moment's indulgence to sit by thy side.

[...]

To-day the summer has come at my window with its sighs and murmurs;
and the bees are playing with their minstrelsy at the court of the flowering
grove.

(Tagore í Hokenson og Munson, *The Bilingual Text - History and Theory of Literary Self-Translation*, 168-169)

Sengupta sýnir í ritgerð sinni þýðingu sem reynist nær upprunatextanum:

Let me sit near you only for a little while.

[...]

Spring with its ecstatic breath has come to my window.
The lazy bee comes humming
And dwells in the garden.

(Sengupta í sama heimild)

Í ritgerðinni *The self-translator as rewriter* spyr Susan Bassnett⁸ hvar landamæri á milli sjálfsþýðingar og endurritunar séu. Ásamt Lefevere segir hún að þessi landamæri séu ekki til. Í rauninni er hægt að lýsa sjálfsþýðingu sem skurðpunkti eða gagnvirku samvinnusvæði. Þýðing, sköpunar- og ritunarverk búa saman í henni. Ekki lengur er þá að ræða um hefðbundinn texta sem hefur áhrif á þýðingartextann. Upprunalegi textinn er í huga höfundarins sem ákveður í hvert skipti á hvaða tungumál hann vill umbreyta eða endurspegla þessa hugsun.

8. Bassnett, „The self-translator as rewriter“, 23.

3 | Esperantó og Baldur Ragnarsson

3.1 Esperantó

Esperantó er planmál¹ sem Lúðvík Lasarus Zamenhof lagði frumdrög að. Þann 2. júní 1887² leyfði skrifstofa, sem hafði yfirumsjón með ritskoðun, í rússneska keisaradæminu útgáfu bókarinnar *Lingvo internacia* (ísl. Alþjóðlegt tungumál) eftir doktor *Esperanto* (ísl. Vonandi). Zamenhof var rússneskur ríkisborgari en jafnframt gyðingur. Hann notaði dulnefni til að vernda verkefni sitt vegna hættu á að það yrði fyrir hatri í garð gyðinga. Tungumálið byrjaði strax að berast út um alla Evrópu. Fyrsta þingið, sem kallað var *Universala Kongreso* (ísl. Alþjóðafing), þar sem esperantó var notað sem virkt samskiptamál, var haldið í Boulogne-sur-Mer í Frakklandi í júlí 1905. Zamenhof sagði í þingræðinu: „inter la gastamaj muroj de Bulonjo-sur-Maró kunvenis ne Francoj kun Angloj, ne Rusoj kun Poloj, sed homoj kun homoj“ (ísl. innan gestrisinna veggja Boulogne-sur-Mer blanda Frakkar ekki geði við Englendinga og ekki Rússar við Pólverja, heldur menn við menn³).

Baldur Ragnarsson leggur áherslu á merkingu orða Zamenofs í þinginu: „Þetta einkenni hefur alla tíð síðan fylgt þingum esperantista, menn hittist þar á mállegum jafnréttisgrundvelli, þjóðernislegir múrar falla og alþjóðleg samkennd tekur við⁴“.

Síðan þá hafa verið hundrað árleg Alþjóðafing. Heimsstyrjaldirnar tvær eru einu skiptin sem vikið hefur verið út frá hefðinni og engin þing haldin. Allt frá þeim tíma hafa verið haldin alþjóðafing esperantista um allan heim, frá Japan til Ítalíu, frá Benín til Bandaríkjana, en einnig hér á Íslandi. Í dag eru haldin fjölmörg þing víðsvegar um

1. Baldur Ragnarsson, „Planmál“, 11.

2. 21. maí samkvæmt júlísku tímatali.

3. Baldur Ragnarsson, *Esperanto - alþjóðlegt samskiptamál*, 39.

4. Sama heimild.

heiminn og út um allt eru esperantófélög sem styðja málið og hugsjónirnar þess.

3.1.1 Esperantó-hreyfing á Íslandi

Í bókinni *Alþjóðamál og málleysur* nefndi Þórbergur Þórðarson grein um esperantó í blaðinu *Stefni* á Akureyri 1893. Þorsteinn Þorsteinsson taldi að, „höfundur þessarar greinar hafi verið 65 ára gamall öldungur, Einar Ásmundsson í Nesi“⁵. Jón Jónsson Vestdal lærði esperantó um 1896, en þá var hann sextán ára unglingur. Hann var „um nokkur ár eini esperantistinn“ á Íslandi. Árið 1899 kynntist Þorsteinn Þorsteinsson tungumálinu. Í kjölfarið gaf hann út fyrstu esperantókennslubókina á Íslandi árið 1909. Þórbergur Þórðarson kynntist esperantó í maí 1925⁶. *Esperantofélag í Reykjavík* var stofnað 25. nóvember 1927, annað félag í Hafnarfirði 3. apríl 1930 og það þriðja 1. október 1930 á Ísafirði. Árið 1932 var stofnað esperantófélag í Kópavogi. *Samband íslenzkra esperantista* var stofnað 26. febrúar 1931. Þórbergur greinir frá í bók sinni *Alþjóðamál og málleysur* að meðlimir sambandsins væru 144 árið 1932⁷.

Eftir síðari heimsstyrjöldina var *Esperantistafélagið Auroro* (ísl: Morgunroði) stofnað í Reykjavík (1944) að forgöngu Ólafs S. Magnússonar kennara. *Íslenska esperantosambandið* var síðan stofnað árið 1950⁸.

Íslenska esperantóhreyfingin skipulagði tvö Alþjóðþing í samvinnu við Alþjóða esperantósambandið. Bæði þingin voru haldin í Reykjavík. Það fyrra árið 1977 á Hótel Sögu með aðalframkvæmdastjóra Unesco Amadou-Mahtar M'Bow⁹ sem var staddur í opinberri heimsókn og ávarpaði þingið. Það síðara árið 2013 í Hörpu og ávarpaði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, þingið.

3.1.2 Esperantó sem bókmenntamál

Zamenhof birti tvö ljóð sem hann frumorti á esperantó: *Mia penso* (Hugur minn) og *Ho mia kor'* (Ó hjarta mitt) í fyrstu bók sinni árið 1887. Esperantó birtist þá sem fullkomið tungumál bæði til samskipta og bókmenntalegs eðlis. Árið 1993 viðurkenndi Pen Club

5. Þórbergur Þórðarson, *Alþjóðamál og Málleysur*, 168.

6. Sbr. Kristján Eiríksson, „Þórbergur Þórðarson og esperanto“

7. Þórbergur Þórðarson, *Alþjóðamál og Málleysur*, 168-179.

8. Kolbrún Bergþórsdóttir, „Egill Skallagrímsson á esperanto“.

9. „Margt um að vera í Norrœna húsinu“.

International *Esperanta PEN-Centro* sem formlegan klúbb. Loksins var esperantó viðurkennt sem bókmenntamál af menningarstofnun.

Hér á eftir verður í örstuttu máli greint frá helstu og mikilvægustu höfundum bókmennta á esperantó¹⁰. Kálmán Kalocsay, ungverskur læknir, er án efa mikilvægast höfundur esperantóbókmennta. Hann byrjaði að skrifa á fyrri hluta tuttugustu aldar. Fyrsta ljóðabók hans *Mondo kaj koro* kom út 1922. Auk þess að yrkja ljóð samdi hann margar ritgerðir um málfræði og ljóðlist ásamt Frakkanum Gaston Waringhien. Jafnframt þýddi Kalocsay *Vitisljóð* Dante yfir á esperantó. Hann hélt sig við frumtextann og frumleg hrynjandi og rímreglur koma vel fram í þýðingu. Hægt er að segja að Kalocsay sé höfuðskáld og hafi lagt línurnar að ljóðskap tungumálsins.

Á síðari hluta 20. aldar sendi William Auld frá sér nokkrar ljóðabækur. Þeim var mjög vel tekið. Ein af þeim er *La Infana Raso* (isl. Hið bernska kyn), kennsluljóð. Auld var tilnefndur til Nóbelsverðlauna allt frá árinu 1992 til 2006. Þann 11. september 2006 féll hann frá. Þá tilnefndi Bókmenntaakademía Esperantó Íslendinginn Baldur Ragnarsson.

3.2 Baldur Ragnarsson: esperantisti og skáld

Baldur Ragnarsson, sonur Ragnars Þorsteinssonar, er Eskfirðingur, fæddur 25. ágúst 1930 á Búðareyri við Reyðarfjörð. Hann lærði esperantó aðeins 19 ára gamall af kennslubók Þorsteins Þorsteinssonar, á meðan var hann „í vegavinnu og las hana á kvöldin inni í tjaldinu“¹¹.

Á næstum árum orti hann ljóð bæði í íslensku og esperantó. Fyrstu ljóðin birtust í *Norda Prismo* og *la nica literatura revuo*. Þegar hann hafði safnað nógu mörgum ljóðum til að birta í bók, skrifaði hann bréf til höfuðskáldsins Kalocsay sem svaraði í bréfi til Baldurs:

Ég ráðleggja þér að birta ekki þessi ljóð að svo stöddu. [...] Um allt er örvænting, barátta, dauði, blóð. [...] Eins og ég hef þegar sagt, er ég hvorki

10. Um þá má lesa nánar í:

- Concise Encyclopedia of Original Literature of Esperanto, eftir Geoffrey Sutton
- Historio de la Literaturo en Esperanto, eftir Giorgio Silfer og Carlo Minnaja

11. Kolbrún Bergþórsdóttir, „Egill Skallagrímsson á esperanto“.

hrifinn af óræðri ljóðlist né sérfræðingur í henni. Vera má að að mér skjátlist í mati á því sem hefur sýkt ljóðlist í heiminum öllum. Kannski er þetta ekki sýking, heldur eitthvað stórfenglegt, sem ég er of heimskur eða of gamall til að kunna að meta.¹²

Juan Régulo Pérez, bókaútgefandi og háskólaprófessor á Kanaríeyjum, birti þennan texta í formál fyrir *Stupoj Sen Nomo* (isl. Nafnlaus þrep) (1959), fyrsti ljóðabók Baldurs sem kom út á esperantó. Kalocsay var mjög fastheldinn á hefðbundna ljóðlist, sérstaklega í sambandi bragarhætti og innihald, eftir Hóratíusar braglínu *aut prodesse volunt, aut delectare poetæ*¹³. Baldur tilheyrði þó ekki framúrstefnunni og talsvert af ljóðunum hans er ort samkvæmt hefðbundnum bragarháttum, eins og t.d. sonnettum og þríhendum. Ljóði hans eru full af svartsýni og tilvistarstefnu. Bandaríski sérfræðingur Steven Hawkes-Teeple skrifar:

Dauði og það að tengja þjáningu og harmleik lífsins eru aðal yrkisefni skáldsins [...]

Dauði sem takmörkun á lífinu veldur samt sem áður ekki ótta; þvert á móti, er hann séður sem uppspretta af kyrrð [...]. Dauðinn virðist aðeins ógnvekjandi þegar hann snýr að morði [...]. Harmleikur lífsins er ekki algildur. Í samræmi við hans andlega sjónarmið, neitar skáldið að sætta sig við vélhyggju- og vísindalegu kenningarnar um heiminn og manninn, t.d. Auld. Hann leggur til hjartnæmari kenningu, [...] Ragnarsson gefur ekki skírar forsendur fyrir lífi eftir dauðann, en hugmyndin um andlega viðleitni gagnvart öllum hlutum á ónákvæman hátt gefur í skyn slíka niðurstöðu, [...] Skáldið leggur ekki til nákvæma áætlun um lífið á meðan eða eftir slíka opnun, sem hann býður lesandanum; hann býður aðeins upp á fáeinar almennar vísbendingar. Hann ráðleggur hófsemi [...] og veita hinum áþreifanlega heimi og náttúru stöðuga athygli [...], á móti blindum skoðanahroka.¹⁴

12. Mi konsilas al vi ne eldonigi ankoraŭ ĉi tiujn poemojn. [...] Ĉie malespero, barakto, morto, sango. [...] Kiel mi jam diris, mi ne estas amatoro de la antiintelekta poezio, nek ĝia eksperto. Kaj oni ne povas esti certa, ĉu mi ne eraras en la pritakso de io, kio infektis la poezion de la tuta mondo. Eble ne infekto ĝi estas, sed io grandioza, por kies apreco mi estas tro stulta aŭ tro maljuna. (Sbr. Baldur Ragnarsson, *Stupoj sen nomo*, 13)

13. „skáldin langar til að vera til gagns eða að gleðja“ Quintus Horatius Flaccus, *Ars Poetica*, 333

14. Death, and by connection suffering and the tragedies of life, are major themes of the poet [...]. Yet death as the limit of life does not provoke terror; on the contrary, it is seen as a source of tranquillity [...]. Death appears terrifying only when it is faced as killing. [...] The tragedies of life are not absolute. In conformity with his spiritual viewpoint, the poet refuses to accept the mechanistic scientific theories about the world and man, e.g. Auld. He proposes a more soulful theory, [...] Ragnarsson does not postulate clearly a life after death, but this concept of the spiritedness of all things imprecisely suggests such a conclusion, [...] The poet does not propose a clear program of life during or after such an „opening up“, to which he invites the reader; he offers only a few general indications. He advises moderation [...] and constant attention to the physical world and nature [...], against blind dogmatism. (Hawkes-Teeple S.J., „Existentialist Critique of the Poetic Anthropologies of William Auld and Baldur Ragnarsson“, 136-137)

Árið 1962 kom út ljóðabók hans *Undir veggjum veðra*. Baldur þýddi einnig ljóðabækur Þorsteins frá Hamri *Lífandi manna land* og *Tannfé handa nýjum heimi*, sem komu í bókinni *Stelo rigida* hjá esperantóforlaginu *Stafeto* árið 1963. Árið 1964 gaf *Eldona Societo Esperanto* í Malmö út *Islandaj pravoĉoj*. Þessi bók hefur að geyma: Auðunar þátt vestfirska, Hrafnkels sögu Ferysgoða, Þorsteins þátt stangarhöggs og Völuspá. Baldur er sá þýðandi sem hefur þýtt mest af íslenskum bókmenntum yfir á esperantó¹⁵.

Árið 1970 kom út ljóðabókin *Töf*. Ólafur Jónsson skrifaði:

Töf er all-fjölbreytt bók að efni og formi þó hún sé ekki stór, og hún lýsir sem sagt viðfangi alvarlega sinnaðs vandvirks höfundar við efni og formvanda skáldskapar. Alvörugefni höfundar verður til þess að orðfæri hans er allajafna formfast og mjög svo hátíðlegt og stundum þvingað, Baldur er ótvírætt bókfastur höfundur, gefinn með köflum fyrir ögn dularfullt tákni eða kenningastíl. [...] Baldur Ragnarsson er vísvitandi „nú tímalegur“ höfundur að orðbragði og stíl, augljóst er samhengi ljóða hans við íslenskan mótternisma í skáldskap eins og hann hefur þróast á umliðnum áratugum, höfunda eins og Sigfús Daðason, Hannes Sigfússon, Þorstein frá Hamri, og þótt með öðrum hætti sé, Hannes Pétursson.¹⁶

Árið 1973 gaf hann út ljóðabók *Esploroj* (ísl. Kannanir). Baldur hélt áfram að kenna í Menntaskólanum við Hamrahlíð en jafnframt samdi hann fræðibækur og greinar í tengslum við bæði tungumálin. Hann skrifaði ritdóma og ritgerð um kveðskap. Baldur hefur ávallt verið athafnasamur í esperantóhreyfingunni. Hann flutti marga fyrirlestra um Íslendingasögur til dæmis í Nagoya, Japan árið 1982. Baldur var forseti úthlutunarnefndar bókmenntaverðlauna Alþjóða esperantósambandsins frá 1975 til 1985. Jafnframt var hann varaforseti Alþjóða esperantósambandsins frá 1980 til 1983.

Baldur lét af störfum sem kennari árið 2000, en endurfæddist sem þýðandi. Hann þýddi *Njáls sögu* (2003), *Sjálfstætt fólk* (2007), *Snorra Eddu* (2008), þrjár ljóðabækur Gerðar Kristnýjar (2009), *Egils sögu* (2011) og *Völsunga sögu* (2011).

Á hverju ári síðan 2007 hefur Baldur verið tilnefndur til Nóbelsverðlauna af hendi esperantista. Mauro Nervi, forseti Bókmenntaakademíu esperantó, ritstýrði heildarútgáfu verka Baldurs *La Lingvo Serena*¹⁷ (2007). Baldur var heiðursgestur á esperantóþingi í Pisa. Það ávarpaði hann gesti og flutti fyrirlestra um Íslendingasögur og ljóðlist sína. Í

15. Sbr. Kristján Eiríksson, „Þýðingar íslenskra ljóða á Esperanto“.

16. Ólafur Jónsson, „Í teikni firringar“.

17. Nervi, *La lingvo serena*.

kjölfarið gaf hann hann út fjórar ljóðabækur á esperantó hjá forlaginu *Mondial* í New York: *La neceso akceptebla* (2008), *La fontoj nevideblaj* (2010), *Laŭ neplanitaj padoj* (2013), *Momentoj kaj meditoj* (2016).

4 | Tvísjónarlestur

4.1 Aðferð

Í þessum kafla verða greind nokkur valin ljóð úr ljóðabókum Baldurs Ragnarssonar. Ljóð þessi eru öll sjálfsþýðingar Baldurs. Aðferðin sem notast er við er tvísjónarlestur, eins og Marilyn Gaddis Rose ráðleggur í bók sinni¹ og einnig er notast við aðferð sem leitar að breytilegu eða hliðstæðu orðavali, merkingartækni og setningafræði.

4.2 Úr bókunum *Undir veggjum veðra* og *Stupoj sen nomo*

4.2.1 Líf / XVIII

LÍF ²	XVIII ³
Stígur hrönn upp úr heitu fylgsni míns hjarta stráir blæðandi perlum himins starandi auga skjálfa sundraðar kenndir sólir á sjónar fönn kólna kristallast eyðast í dagsins ísköldu önn aðeins hjarta mitt lifir eilífast lífsins lauga	Kreskas ond' el la varma kašo de l' koro, sangantajn perlojn jetas tra l' mensodrivo, tremas sunaj eksplodoj, sentoj en frida mond', cindriĝas, dispolviĝas en la teda, seka tagrond', nur la koro vegetas, plej daŭra fonto de l' vivo.

Stígur hrönn / upp úr heitu fylgsni hjartans, / blæðandi perlum / kastar

1. Rose, *Translation and Literary Criticism: Translation as Analysis*, 90.
2. Baldur Ragnarsson, *Undir veggjum veðra*, 23.
3. Baldur Ragnarsson, *Stupoj sen nomo*, 114.

*gegnum hugarrekið, / skjálfa sólarþrengingar, / kenndir í iskaldri veröld, /
brenna til ösku, mölvast / í leiðinlegri, hversdags önn, / aðeins hjartað
dregur fram lífið, / eilífasta laug lífsins.*

Eins og áður hefur komið fram, endurútgáf bókaútgáfan Edistudio ljóðabækur Baldurs Ragnarssonar á esperantó árið 2007⁴. Nokkrar breytingar höfðu þar verið gerðar á ljóðunum, t.d. í annarri línu „el la varma kaŝo“ verður „el la lafa fonto“ (ísl. upp úr hraunuppsprettunni). Í þessari ritgerð er notuð útgáfan *Ŝtupoj sen nomo* (ísl. Þrep án nafns) (1959). Ljóðið kom síðan út á íslensku í bókinni *Undir veggjum veðra* árið 1962.

Í útgáfunni á esperantó er ljóðið án titils undir rómverskum tölustöfum XVIII. Í íslensku gerðinni nefnist það hins vegar *Líf* sem svarar til orðsins Vivo á esperantó. Aftur á móti vantar greinarmerki í íslensku útgáfuna. Lesturinn verður auðveldari á esperantó vegna þess að þar eru kommur. Önnur orð, sem grípa strax augað í útgáfunni á esperantó, eru svokallaðar *neomorfismoj*, ísl. nýmyndön⁵, það er að segja óvenjuleg samsett orð. Hvert orð fyrir sig á sér eðlilega merkingu, t.d. eru *menso* (hugur) og *drivo* (rek) algeng orð, en sett saman í *mensodrivo* mynda þau nýtt hugtak. Nýmyndan leyfir skáldinu að tjá betur stígandi hrönn í fylgsni hjarta hans á esperantó heldur en á móðurmáli þess, íslensku.

Ríminu í ljóðinu á esperantó, -ond' (ond', mond', tagrond') er haldið í íslensku gerðinni -önn (hrönn, fönn, önn) og mensodrivo/vivo rímar á íslensku auga/lauga.

Í fimmtu línu breytir skáldið samlíkingu: sunaj eksplodoj (sólarþrengingar) á esperantó verða *sundraðar kenndir* á íslensku. Myndmálið á esperantó gæti stafað af því að sumir esperantómælandi höfundar höfðu notast við orð úr vísindaskáldsögum í bókmenntum sínum til að túlka núverandi heim, von og ótta veraldar.

Skortur á greinamerkjum í íslensku lýsir óöryggi og óvissu í lestri. Í útgáfunni á esperantó er merkingin skýrari og ótvíræðari, t.d. á kvöl og angist höfundar í orðunum „en la teda, seka tagrond“.

4. Nervi, *La lingvo serena*.

5. Tonkin, „Kiam tradiciismo renkontas modernismon“, 90.

4.2.2 Við höfum gleymt / XIX

VIÐ HÖFUM GLEMYMT⁶

Við höfum gleymt
að einnig í morgun reis sólin
blómin opnuðu krónur sínar
fuglarnir sungu sem áður
og börnin báru út leikföngin sín
meðan blærinn flutti hlátra þeirra
út í heiðríkjublámann

við höfum gleymt því
í fangelsi eigingirninnar
innan veggja sjálfsnægjunnar
luktir myrkri hatursins

við höfum gleymt því
við stál og stein
og allt hið svikna
sálarvana og grimma

við höfum gleymt
að hlusta eftir hvísli hjartans
um lágvært líf moldarinnar
um sæla þögn ljóssins
um hljóðlátan sannleik hinna smáu hluta

við höfum gleymt
að einnig í morgun reis sólin

XIX⁷

Ni forgesis
ke ankaŭ hodiaŭ matene
sin levis la suno
la floroj malfermis la petalojn
la birdoj kantis kiel ordinare
la infanoj prenis siajn ludilojn
kaj la dolĉa vento kunportis iliajn
[ridojn
en la serenon bluan.

Ni forgesis tion
inter la premoj de l' vivbatalo,
blindaj, senmovaj muroj,
sub la memamaj vidoj de l'
[indiferento,
murdemaj kalkanoj de l' malamo
kaj piedegoj de l' stulto
ŝtalo
vitro
ŝtono

ĉio artefarita
falsa kaj supraĵa.

Ni forgesis
aŭskulti la flustron de l' koro
pri la nokta vivo de l' maro
pri la mola kresko de l' herbo
pri la flava silento de l' lumo.

Ni forgesis
ke ankaŭ hodiaŭ matene
sin levis la suno.

*Við gleymdum / að einnig í morgun / reis sólin / blómin opnuðu krónublöðin
/ fuglarnir sungu eins og venjulega / börnin gripu leikföngin sín / og léttur
vindurinn tók með sér hlátra þeirra / út í heiðríkjublámann.*

Við gleymdum því / í þrengingum lífsbaráttunnar, / blindir, hreyfingarlausir

6. Baldur Ragnarsson, *Undir veggjum veðra*, 30-31.

7. Baldur Ragnarsson, *Ŝtupoj sen nomo*, 115.

*veggir / undir eigingjörnum sjónunum kæruleysisins / morðingjahælar
hatursins / stál / gler / steinn / allt óeðlilegt / falskt og hégómlegt.*

*Við gleymdum / að hlusta eftir hvísli hjartans / um næturlíf hafsins / um
mjúkan vöxt grassins / um gula þögn ljóssins.*

Við gleymdum / að einnig í morgun / reis sólin.

Í þessu ljóði notar Baldur spegil aðeins öðruvísi en áður. Titlar eru mismunandi. Klifunarsögnin er uppbyggð með því að tengja sögnina með sagnbót „Við höfum gleymt“. Hann gæti gert það sama á esperantó með „Ni estas forgesintaj“, en hefur ákveðið að nota einfaldari og venjulegri tíð „Ni forgesis“. Þetta breytir einnig uppbyggingu erindanna, þannig að fjöldi braglína er ekki sá sami á báðum málum. Þó braglínurnar séu ekki af sömu lengd er uppsetning ljóðanna eins séu þau prentuð samhliða.

Munur er á milli annarrar og þriðju braglínu í íslensku útgáfunni og annarrar braglínu á esperantó. Í esperantó gerðinni eru línur eins og „inter la premoj de l' vivbatalo“, og orðin „blindaj, senmovaj“ sem ekki eru í íslensku gerðinni. Þetta breytir merkingu á þeim veggjum ljóðsins.

Stuðlun eru til staðar í báðum útgáfum, að vísu með mismunandi hætti. Vikið er frá íslenskri hefð við stuðlun, þó að samhljóðin í eftirfarandi braglínunum stuðli saman „við stál og stein / og allt hið svikna / sálarvana og grimma“. Sérhljóðarím er til staðar í báðum málum (svikna/grimma; falsa/supraĵa). Innrím (stál/sálarvana) er í íslensku gerðinni en ekki í textanum á esperantó.

Forklifunin í næstsíðasta erindi endurspeglast, en ekki í inntaki sem breytir stöðu sinni í braglínunum; „um lágvært líf moldarinnar“ breytist bæði lýsingarorð og nafnorð: „pri la mola kresko de l' herbo“ (mola kresko: mjúkan vöxt) „um sæla þögn ljóssins“ verður „pri flava silento de l' lumo“ (sæll: gaja; flava: gult); braglínan „um hljóðlátan sannleik hinna smáu hluta“ hverfur og í staðinn kemur allt annar efniviður „pri la nokta vivo de l' maro“.

4.3 Úr bókunum *Töf* og *Esploroj*

4.3.1 Vötn / Akvoj

Vötn⁸

Speglar vatnanna
renna sífellt inn í hug minn
sundrast í örsmáa fleti
sameinast
í nýjum margvíðum myndum
sem hver um sig rúmar eigin veröld
veruleika, minninga og drauma.

Svo fingerðar eru þær myndir
að minnsta hugsun gárar yfirborð þeirra
afskræmir samræmi lögunar og lita
sveipar tærleikann þéttum þungum
[skýjum
rífur heima þeirra til grunna.

Í svefninum kyrrast speglarnir aftur
myndirnar ljóma á nýjan leik
veraldir raðast saman

bíða nýs hruns að morgni.

Akvoj⁹

La speguloj de la akvoj
sençese trafluas mian menson
diseriĝas en mil-mil facojn
[mikroskopajn
rekuniĝas
en novaj bildformoj
[multdimensiaj
entenantaj
proprajn mondojn, ĉiu aparte,
de realeco, memoroj kaj songoj.

Tiel delikataj estas tiuj bildoj
ke la plej eta penso
agitas iliajn surfacojn
difektas la harmonion
de formoj kaj nuancoj
saturas la serenecon
per densaj pezŝvebaj nuboj
disrompas iliajn mondojn
ĝis ruinoj.

En la dormo
sian kvieton reakiras
la speguloj
la bildoj brilas denove
mondo kunordiĝas

atendas novan pereon
je mateniĝo

*Speglarnir vatnanna / renna viðstöðulaust gegnum hug minn / sundrast í
örsmáa fleti / sameinast aftur / í nýjum margvíðum myndum / rúmandi /
eigin veröld, hver um sig sig, / veruleika, minninga og drauma.*

Svo fingerðar eru þær myndir / að minnsta hugsun / gárar yfirborð þeirra /

8. Baldur Ragnarsson, *Töf*, 23-24.

9. Baldur Ragnarsson, *Esploroj*, 59-61.

*afskræmir samræmi / lögunar og blæbrigða / fyllir tærleikann / þéttum
þungsvífandi skýjum / brýtur í sundur veraldir þeirra og leggur þær í rúst.
Í svefninum / ávinna sér aftur kyrrð / speglarnir / myndirnar ljóma aftur /
veröld raðast saman
bíða nýrrar glötunar / að morgni.*

Skáldið veltir fyrir sér ljóðlínunum í skáldskap í anda módernisma í bókmenntum. Þemað um vatnið er sýnilegt í þessu ljóð, en jafnframt einnig í öðru ljóði Baldurs. Skáldið líkir veruleikanum og blekkingunni við umbreytingar vatns í mismunandi form. Steinn Steinarr, sem Baldur Ragnarsson las örugglega í æsku, notast við svipaða líkingu¹⁰.

Ljóð þetta er mögulega samlíking um sjálfsþýðingar hans. Rétt eins og speglar vatnanna endurspegla ímynd, eru þeir viðkvæmir og brotakenndir. Þeir gangast undir viljalausa skiptingu og sameiningu eins og orðin og hugtökin. Þetta eru tækin sem skáldið finnur, en jafnframt flýja þau frá honum á skapandi ferli og í lífinu sjálfu.

Þessi spegill er greinilega brenglaður, fyrir utan nokkur orð sem gefa léttu smátílbreytingu: renna / trafluas (renna í gegnum), sveipar / saturas (fylla), rífur / disrompas (brjóta) og veraldir / mondo en textinn í esperantó er í eintölu.

Í fyrstu línu í íslenska textanum er sögnin „sameinast“. Hún myndar eina línu, en í esperantó skapar skáldið tvær þungamiðju línur: fyrri stendur með sömu sögn, með smátílbreyting, rekuniĝas (sameinast aftur); meðan sú síðari „rúmar“ endurspeglast í lýsingarhætti nútíðar fleirtölu „entenantaj“ (rúmandi).

Í öðru erindi textans á esperantó, skiptir höfundur ljóðlínunum eftir hvíld eins og hún er í ljóðlínu í íslenska textanum. Þannig að ljóðlínan á esperantó nær frá annarri línu til enda ljóðsins:

að minnsta hugsun || gárar yfirborð þeirra
ke la plej eta penso / agitas iliajn surfacojn

Í þessum ljóðlínunum er einnig að finna skiptingu samkvæmt hvíld í íslensku og merking og blær sagnanna, sveipar/saturas, sams konar

10. Baldur þýddi ljóð eftir Stein Steinarr á esperantó og birtust þýðingarnar í bókmenntatímaritinu Norda Prismo 56/3, bls. 129 þar er t.d. kvæðið Silento sem er þýðing hans á ljóðinu sem hefst svo á íslensku „Þögnin rennur / eins og rauður sjór / yfir rödd mína“ (Steinn Steinarr, *Ljóðasafn*, 203)

sveipar tærleikann || þéttum þungum skýjum
saturas la serenecon / per densaj pezŝvebaj nuboj

Þetta val kemur af tveimur ástæðum: hljómfegurð þessara orða í vísunni gerir hana reiprennandi, snurðulausa og ekki síst fulla af merkingum. Hrynjandi rétttra tvíliða í „þéttum þungum skýjum“ á esperantó hefur tvo amfíbrakka og tróka „per densaj pezŝvebaj nuboj“, þar sem pezŝvebaj (þungsvífandi) vinnur gegn þyngd skýjanna. Síðasta línan í seinna erindi viðheldur andrúmslofti eyðileggingar, sem fer ekki saman við fyrsta línuna í sama erindi: rífur/disrompas (brjóta í sundur) og til grunna/ĝis ruinoj (til rústa).

Í þriðja erindi „kyrrast [...] aftur“ er „sian kvieton reakiras“ (ávinna sér aftur kyrrð); orðrétt þýðing væri „rekvietiĝas“ en sennilega vildi höfundur breyta þessu af ásettu ráði með „rekviemo“ (sálumessa). Því valdi hann að þýða með umorðun og jafnframt öðlast sérhljóðarím „reakiras/kunordiĝas“ sem er ekki í íslenska textanum.

Að lokum kvíslast síðasta línan í ljóðinu á esperantó. Meðan á íslensku stendur „hrun“ hækkar mikið í merkingu í hræðilegri „pereo“ (glötun).

4.3.2 Nýtt líf / Nova vivo

NÝTT LÍF¹¹

Í dag
hafa lindirnar hríslast um þurran
[jarðveginn
niður þeirra hefur ómað í eyrum þér
fullur styrks og fyrirheita
þú finnur dulín frá þrútna í vætunni
skynjar vöxt þeirra sem dýrlegan söng um
[lífið.
Brátt munu gulir og hvítir blómknappar
anga í fangi gróskunnar
þar sem áður ríktu auðn og þorsti
í sporum þínum sem höfðu gleymzt
munu spretta liljur
fyrndar hugsanir
munu reynast traustastir hornsteinar
bros og tár liðinna stunda
sólir og gjöful djúp.

Nova vivo¹²

Hodiaŭ
la fontoj disbranĉiĝe ekpenetris
nian sekan tergrundon,
ilia zumo kresĉende sonas en
[ĉies oreloj
plena de bona forto kaj vekaj
[promesoj,
ni sentas kaŝitajn semojn ekŝveli
[sub niaj piedoj,
konscias ilian kreskon kiel
[gloran kantaton
pri la vivo.
Baldaŭ la verdaj flavaj kaj
[blankaj burĝonoj
aromos venke en la sinnutrada
[intenso,
kie antaŭe seke regis dezerto kaj

11. Baldur Ragnarsson, *Töf*, 32-33.

Og þú munt spyrja sjálfan þig:
Hví var ég svo blekkur?
Hví voru augu mín svo haldin
að þau sáu ekki?
Eyru mín svo sljó
að þau heyrðu ekki?
Hugur minn svo kaldur?
Hjarta mitt svo hljótt?

[soifo,
el niaj spuroj forgesitaj
leviĝos lilioj,
kaj pruviĝos niaj pensoj
[polvumitaj
bazangulaj ŝtonoj,
ridoj kaj larmoj de iamaj
[sentmomentoj
disdonemaj sunoj kaj profundoj.

Kaj ni demandas nin mem:
Kial ni estis tiel honte
[senesperaj?
Kial niaj okuloj estis tiel
[ombritaj
ke ili ne vidis?
Niaj oreloj tiel fermitaj
ke ili ne aŭdis?
Niaj mensoj tiel dormaj
kaj frostaj niaj koroj?

*Í dag / byrjuðu lindirnar að hríslast á við og dreif / um þurran jarðveg
okkar, / suð þeirra hljómar stighækkandi í eyrum allra / fullt blessunarríks
styrks og vekjandi fyrirheita, / við finnum dulin fræ þrútna undir fótunum
okkar / skynjum vöxt þeirra sem dýrðlegrar kantötu / um lífið.*

*Brátt munu grænir gulir og hvítir blómknappar / anga í krafti næringar / þar
sem áður ríktu auðn og þorsti / í gleymdum sporum okkar / munu spretta
liljur / munu sannast rykugar hugsanir okkar / hornsteinar / hlátrar og tár
liðinna stunda / gjöfular sólar og djúp.*

*Og við munum spyrja okkur sjálf: / Hví vorum við svo skammarlega
vonlaus? / Hví voru augu okkar svo yfirskyggð / að þau sáu ekki? / Eyru
okkar svo stífluð / að þau heyrðu ekki? / Hugir okkar svo syfjaðir / og köld
okkar hjörtu?*

Þarna svara „byrjuðu að hríslast“ alveg til „disbranĉiĝe ekpenetris“ á esperantó.

Fornafnið breytist: „í eyrum þér“ í „ĉies oreloj“ (í eyrum allra) og „þú finnur“ í „ni sentas“ (við finnum). Þessi breyting setur greinilega lesanda á annan stað, árangursríkt í

12. Baldur Ragnarsson, *Esploroj*, 45-47.

báðum útgáfum: í íslensku útgáfunni yrðir höfundurinn á ímyndað „þú“ sem getur verið lesandinn, skáldað „þú“ (kannski skáldgyðja hans?) eða skáldið sjálf; hins vegar felur „ni“ (við) í útgáfunni á esperantó í sér alla áður nefnda viðmælendur og kannski hóp.

Útgáfan á esperantó er almennt mun ríkari af lýsingarorðum „bena forto kaj vekaj promesoj“ á íslenska stendur aðeins: „fullur styrks og fyrirheita“. Í fyrstu línu í öðru erindi er bætt við lýsingarorði á esperantó „verdaj“ (grænir) og „blómknappar / anga í fangi gróskunnar“. Þannig breytir skáldið skynjuninni með því að bæta við lyktmeð „aromos venke en la sinnutrada intenso“ anga í krafti næringar. Önnur lýsingarorð breyta um merkingu: „fyrndar hugsanir“ er „niaj pensoj polvumitaj“ (rykugar hugsanir); eða staða: „sólir og gjöful djúp“ í „disdonemaj sunoj kaj profundoj“.

Í þriðja og síðasta erindi brenglaðast persónufornöfnin í íslensku „þú“ og „ég“ í „ni“ (við), en endurspeglast augun „haldin“ í „ombritaj“ (yfirskyggð/haldin). Það eru einnig aðrar breytingar s.s. „blekktur“ verður „honte senesperaj“ (skammarlega vonlaus), eyrun „sljó“ „fermitaj“ (stífluð), og að lokum áhugaverður viðsnúningur „Hugur minn svo kaldur? / Hjarta mitt svo hljótt?“ „Niaj mensoj tiel dormaj / kaj frostaj niaj koroj?“ (Hugir okkar svo syfjaðir / og köld okkar hjörtu?).

4.3.3 Vitringarnir / La magoj

VITRINGARNIR¹³

Vér höfum séð stjörnu hans austur frá
hún fór fyrir oss yfir eyðimörkina
beið vor þegar vér áðum.

Skini hennar höfum vér fylgt
það hefur trúfastlega umleikið hjörtu vor
fyllt hugi vora ýtrustu gleði.

Senn munum vér opna fjárhirzlur vorar
og færa gjafirnar fram:

Hendur sem halda a rósum
gegnum myrkrið

augu sem ólga heit og lýsandi
undir stjarnlausum himni

orð sem örva dofín hjörtu til nýs lífs

La magoj¹⁴

En la oriento
ni vidis stelon.
Ĝi gvidis nian iron
tra la dezerto,
atendis kvietbrile
dum ni ripozis.

Ni sekvis ĝian lumon
kiu tiel fidele
volvtenis niajn korojn,
plenigis niajn mensojn
per ĝojo
nekomprenebla.

Niajn trezorejojn
ni baldaŭ malfermos
por antaŭmeti

13. Baldur Ragnarsson, *Töf*, 40-41.

og efla hálfgleymd fyrirheit
um dag og sól.

la donacojn:

manojn
portantajn rozojn
tra la tenebro

okulojn
brilantajn arde
sub la muta ĉielo

vortojn
donantajn vivon
al la koroj malesperaj
por renovigi promesojn
duone forgesitajn
pri la vento
pri la vento matena
kaj ĝia tago.

*Í austrinu / sáum við stjörnu. / Hún stýrðiför okkar / yfir eyðimörkina, / beið
róleg og skínandi / á meðan við hvíldum okkur.*

*Við fylgdum skini hennar / sem svo trúfastlegt / umvafði hjörtu okkar / fyllt
hugi okkar / gleði / óskiljanlegri.*

Fjárhirslur okkar / brátt munum við opna / og bera fram / gjafirnar:

Hendur / sem halda á rósum / gegnum myrkrið

augu / sem glóa heit / undir þögulum himni

*orð / sem lífga / vonlausu hjörtun / og efla fyrirheit / hálfgleymd / um
vindinn / um morgunvindinn/ og dag hans.*

Athyglisvert er að í „La lingvo serena“ breytir skáldið titlinum frá „La magoj“ (Vitrिंगarnir) í „La optimistoj“ (Bjartsýnismennirnir). Jafnframt breytir hann fornafninu „ni“ (vér, við) með því að nota „ili“ (þeir), við þetta breytist viðhorfið í ljóðinu.

Erindin eru uppbyggð á annan hátt. Hefðbundna hrynjandi vantar á báðum tungumálum. Það er ljóst að mismunandi lengd braglína einkennist eitthvað af eiginleika tungumálanna. Það stafar að nokkru af því að orðin á íslensku eru jafnan nokkru styttri

14. Baldur Ragnarsson, *Esploroj*, 38-40.

en í esperantó og hann notar sér ekki úrfellingar (leyfilegt aðeins í nefnifalli eintölu nafnorða) heldur kýs að notfæra sér einlægð tungumálsins.

Setningar eru mjög mismunandi uppbyggðar. Formleg notkun fornafrs í fyrstu persónu í íslensku hefur ekki samsvarandi notkun á esperantó. Orðfæri er líka mismunandi: í íslensku útgáfunni er orðalag hátíðlegt, daglegt á esperantó. Það sem bæði ljóðin hafa aftur á móti sameiginlegt eru orðasamsetningar: umleika (umvefja) verður volvteni. „Um dag og sól“ breytist aftur á móti í „pri la vento / pri la vento matena / kaj ĝia tago“ (um vindinn / um morgunvindinn / og dag hans). Hugtakið „sól“ hverfur og gefur rúm fyrir vindinn sem er settur í anafóru sem myndar eins konar stam eða hlé, gefur ljóðinu að nokkru leyti nýja merkingu.

4.3.4 Merkisberarnir / La standardistoj

MERKISBERARNIR¹⁵

Þeir hafa þeyst
yfir hraun og vegleysur,
teygt gæðingana til hins ýtrasta,
goðumlíkir menn,
hvassir á brún, svipbjartir,
lítt gefnir fyrir upprifjanir
og einkar frábitnir áningarstöðum;
fáir einbeittir menn
sem enn þeysa yfir klungrin,
fáni víðáttunnar hvín yfir höfðum þeirra,
neistar hrökkva undan járnum
[færleikanna;
fjarlægir menn
sem ávallt ber við loft
en þó gleggst í köldum bláma
[haustmorgnanna
þegar mannkindin bognar;
sívirkir einmana menn,
óþolinmóðir en trúir.

La standardistoj¹⁶

Super sulfurojn kaj lafrokojn
ili galopas
kurigas la ĉevalojn
[streĉekstreme;
homoj similaj al dioj
obsed-okulaj, glor-vizaĝaj
malinklinaj rememori
malŝatantaj ripozojn;
malmultaj kuraĝaj homoj
daŭre galopantaj super la
[krutaĵojn,
el sub la hufferoj de la ĉevaloj
fajreroj ĵetiĝas disen,
dum la standardo por la grandaj
[dimensioj
frapiĝas maldetene super iliaj
[kapoj;
homoj malproksimaj,
ĉiam konturiĝantaj sur la
[horizonto,
sed la plej distinge
sur la malvarma bluo de la
[vintraj matenoj,
kiam kurbas niaj dorsoj

15. Baldur Ragnarsson, *Töf*, 42-43.

16. Baldur Ragnarsson, *Esploroj*, 29-30.

kaj rampas niaj pensoj kiel
[raŭpoj;
homoj aktivaj, solecaj,
esploreme nervaj, sed ja fidelaj.

*Yfir brennisteinsvegi og hraun, / þeir hafa þeyst / hleypt hestunum eins hratt
og þeir komust, / menn líkir goðum, / með þráyggju á augum, frægð í andliti
/ lítt gefnir fyrir upprifjanir / og einkar frábitnir áningarstöðum; / fáir
hugrakkir menn / sem enn þeysa yfir klungrin, / undan járnum færleikanna /
hrökkva neistar, / á meðan fáni víðáttunnar / hvín frjáls yfir höfðum þeirra, /
fjarlægir menn, / sem ávallt eru sýnilegir við sjóndeildarhring, / en þó
gleggst / í köldum bláma vetrarmorgnanna, / þegar bogna bök okkar / og
skriða hugir okkar einsog lírfur; / sívirkir menn, einmana, / taugaspenntir til
að kanna, en vissulega trúir.*

Í þessu ljóði hefur skáldið notað frumlag og umsögn í fyrsta sæti á íslensku. Meðan á esperantó er röðinni breytt og frumlag og umsögn lenda í öðru sæti. Við þetta breytast ljóðlínur, röð og jafnframt eru sagnir í nútíð í útgáfunni á esperantó en í þátíð á íslensku.

Lýsandi nafnorð eins og „gæðingar“ missa ýtarleika á esperantó og verða aðeins „chevaloj“ (hestar) en á esperanto eru líka nýmyndön eins og til dæmis „strečekstreme“ sem skáldið þýðir á íslenskuna „til hins ýtrasta“. Þessi nýmyndön eru notuð á vitrænan hátt þannig að þau þyngja ekki of mikið línurnar: „goðumlíkir menn“ endurspeglast í umorðun „homoj similaj al dioj“ í stað „di-similaj“. Sumar lýsingar eins og „hvassir á brún, svipbjartir“ taka öðrum smátílbreytingum: „obsed-okulaj, glor-vizaĝaj“.

Fyrir kemur að ein ljóðlína á íslensku standi sjálfstætt en skiptist í tvennt á esperantó og breytir þannig setningafræðilegri uppbyggingu ljóðsins:

ísl. fáni víðáttunnar hvín yfir höfðum þeirra
esp. dum la standardo por la grandaj dimensioj
frapiĝas maldetene super iliaj kapoj

og

ísl. neistar hrökkva undan járnum færleikanna
esp. el sub la hufferoj de la chevaloj
fajreroj ĵetiĝas disen

en líka:

ísl. en þó gleggst í köldum bláma haustmorgnanna
esp. sed la plej distinge
sur la malvarma bluo de la vintraj matenoj

Í síðasta dæminu eru haustmorgnar á íslensku, orðnir vetrarmorgnar á esperantó. Það sem er mest sláandi í síðustu línunni er breyting fornafns í frumlaginu á esperantó: „þá“ í „við“ og merking breytist. Sama má segja um lýsingarorð í síðustu línu „óþolinmóðir“ er „esploreme nervaj“ (taugaspenntir til að kanna).

5 | Eftirmáli

Í þessari ritgerð var stefnt að því að leggja áherslu á þá staðreynd: höfundur og þýðandi falla saman. Höfundurinn er þýðandi af sjálfum sér og því frjáls að ákveða hvort textarnir í tveimur tungumálum eru myndir sem er hægt að breyta, skipta, brengla eða endurspeglja fullkomlega.

Í ljóðum Baldurs Ragnarssonar, sem valin voru í þessari ritgerð, var tekist á við nokkur atriði. Frumtextann var ekki hægt að finna, þ.e. ekki var hægt að skera úr um hvort hann orti textann fyrst á íslensku eða esperantó. Textarnir eru í raun sjálfstæðir hver á sínu tungumáli og lifa þar nánast eigin lífi. Hins vegar er hægt að raða þeim í útgáfutímaröð, þó að til þæginda í þessari ritgerð sé íslenski textinn alltaf birtur vinstra megin við textann á esperantó.

Samlíking um speglana hefur er bæði til þýðingafræða og sjálfsþýðingarfræða¹ og hún var nauðsynleg í þessari ritgerð. Með því að greina nokkur ljóð sjálfsþýdd af Baldri Ragnarssyni, kom í ljós heildarfrelsi höfundarins. Margar línur virtust vera algerar spegilmyndir hvor við aðra. Í öðrum ljóðum var munurinn mikill og í öðrum minni. Aðalmismuninn er að finna í lengd eða tilvist ljóðlína, í vali orða og merkingar þeirra, í notkun samlíkinga og einnig stuðlun og rími.

Meginhugsun í þessari ritgerð var einmitt að greina texta með tvísjónarlestri. Á þann hátt sést hvernig höfundur breytir myndunum, skiptir um þær eða brennglar þær.

1. Santoyo, „On mirrors, dynamics and self-translations“, 27.

Heimildaskrá

Baker, Mona. „Self translation“. Í *Routledge Encyclopedia of Translation Studies*.
Routledge, 2009.

Baldur Ragnarsson. *Esperanto - alþjóðlegt samskiptamál*. Reykjavík: Íslenska
esperantosambandið, 2004.

———. *Esploroj*. La Laguna: Stafeto, 1973.

———. „Planmál“. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 22, nr. 1 (2000): 11–61.

———. *Ŝtupoj sen nomo*. La Laguna: Stafeto, 1959.

———. *Töf*. Reykjavík: Heimskringla, 1970.

———. *Undir veggjum veðra*. Reykjavík: Heimskringla, 1962.

Bassnett, Susan. „The self-translator as rewriter“. Kafli 1 í *Self-Translation: Brokering
Originality in Hybrid Culture*, gefið út af Anthony Cordingley. Bloomsbury, 2013.

Hawkes-Teeples S.J., Steven. „Existentialist Critique of the Poetic Anthropologies of
William Auld and Baldur Ragnarsson“. Kafli 2 í *Menade bal püki bal: Festschrift
zum 50. Geburtstag von Reinhard Haupenthal*, gefið út af Reinhard Haupenthal.
Iltis, 1998.

Hokenson, Jan Walsh, og Marcella Munson. *The Bilingual Text - History and Theory of
Literary Self-Translation*. Routledge, 2007.

Kolbrún Bergþórsdóttir. „Egill Skallagrímsson á esperanto“. *Morgunblaðið*, 11. apríl
2011, 34.

Kristján Eiríksson. „Þórbergur Þórðarson og esperanto“. Í *Að skilja undraljós*. Reykjavík:
Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 2010.

HEIMILDASKRÁ

- Kristján Eiríksson. „Þýðingar íslenskra ljóða á Esperanto“. *Són* 9 (2011): 129–154.
- Nervi, Mauro, ritstj. *La lingvo serena*. Pisa: Edistudio, 2007.
- Ólafur Jónsson. „Í teikni firringar“. *Vísir*, 4. febrúar 1971, 7.
- Râbacov, Ghenadie. „Self-translation as a mediation between cultures“. *International Journal of Communication Research* 3, nr. 1 (2013): 66–69.
- Rose, Marilyn Gaddis. *Translation and Literary Criticism: Translation as Analysis*. Manchester: St. Jerome, 1997.
- Santoyo, Julio-César. „On mirrors, dynamics and self-translations“. Kafli 2 í *Self-Translation: Brokering Originality in Hybrid Culture*, gefið út af Anthony Cordingley. Bloomsbury, 2013.
- Steinn Steinarr. *Ljóðasafn*. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2008.
- Tonkin, Humphrey. „Kiam tradiciismo renkontas modernismon“. Í *La lingvo serena*, gefið út af Mauro Nervi. Pisa: Edistudio, 2007.
- „Margt um að vera í Norrœna húsinu“. *Vísir*, 29. júlí 1977, 9.
- Þórbergur Þórðarson. *Alþjóðamál og Málleysur*. Reykjavík: Bókadeild Menningarsjóðs, 1933.

Að lokum

Ég vil þakka Jóni Karli Helgasyni og Kristjáni Eiríkssyni fyrir lærdómsríka leiðsögn og fagmannlega aðstoð sem þeir veittu mér.

Einnig vil ég þakka Rósu Björgu Jónsdóttur og Mirko Garofalo fyrir dýrmætan prófarkarlestur.

Síðast en ekki síst vil ég þakka Gianfranca Gastaldi fyrir veittan og mikilvægastan stuðning.